

Sp.

250. Breytingartillögur

við till. til þál. um skipun milliþinganevndar til undirbúnings löggjafar um lögvernd að orlof verkamanna og sjómanna og ráðstöfunar til framkvæmda þeim málum.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Í stað orðsins „verkamanna“ í fyrsta málslið fyrstu málsgreinar komi: verkafólks.
2. Annar málsliður fyrri málsgreinar orðist svo: Nefndin geri jafnframt tillögur um, á hvern hátt megi koma á hagkvæmu og ódýru skipulagi og samvinnu um ferðalög og dvalir verkafólks í orlofum þess, hvort heldur sem er að sumri til eða vetri.
3. Síðari málsgrein orðist þannig:
Fyrir næsta Alþingi skal nefndin hafa lokið störfum sínum og leitað áhlits stéttarfélaganna í landinu um þetta mál. Nefndarmenn starfi kauplaust.
4. Við fyrirsögnina: Í stað orðsins „verkamanna“ komi: verkafólks.